Nr. 187 13. febrúar 2013

# REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 500/2011 um doktorsnám við félagsvísindasvið Háskóla Íslands.**

1. gr.

32. gr., um doktorsnámsnefnd, orðast svo:

Í hagfræðideild starfar doktorsnámsnefnd, sem gegnir hlutverki fastanefndar sbr. 2. gr. Í doktorsnámsnefnd sitja þrír fulltrúar, sem kosnir eru á deildarfundi og skal formaður hennar vera fulltrúi deildar í vísindanefnd félagsvísindasviðs. Skipað skal í doktorsnámsnefnd til þriggja ára í senn. Deildarforseti getur setið fundi nefndarinnar.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 68. og 69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. febrúar 2013.*

**Kristín Ingólfsdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2013